


# Viðtal: Sigurður G. Valgeirsson

í galleríum og það sem er skrifað um. Gildran er hins vegar sú að þegar við tileinkum okkur eitthvað upp úr tímaritum þá höfum við ekki náð tökum á því tímabili fyrr en það er orðið kalt. Ég tel að ef myndlistarmenn ætla að koma sér eitthvað áfram þá verði þeir að halda sig við það sem þeirra karakter snýst um og vona að þeirra tími komi. Það getur gerst innan fimm ára og eftir fimmtíu ár að markaður myndist fyrir verk þeirra."

## Skrölt

— Myndirðu vera sáttur við að halda áfram í fimmtíu ár og það myndist aldrei markaður?

„Ég hef engar áhyggjur af því. Þegar ég nota hugtak eins og markaður þá er það frekar í þeim skilningi að verk ákveðinna myndlistarmanna verði einhver þungamiðja. Þó svo að þær myndir, sem ég geri, verði aldrei „inn" í þeim skilningi þá er ég viss um að ég kem alltaf til með að geta skrölt á mínum myndum."

— Manni hefur sýnst að Íslendingar séu alltaf að reyna að grípa einhverjar nýjar stefnur?

„Já, ég veit ekki hvort við eigum svona auðvelt með að tileinka okkur nýja hluti, eða hvort það er bara áhrifagirni. En það er mjög eðlilegt, að það fólk, sem er að koma úr skólum núna, taki upp nýja málverkið, meðan ég og mín kynslóð startaði í konseptinu. Meðan við erum að mótast þá fylgjum við straumnum og dettum síðan út í þær greinar sem hverjum og einum henta. Nýja málverkið hentar okkur, það er einnig sláttur í okkur. Og það var tilfallandi að sumir okkar manna dyttu inn í það, hins vegar eru þó nokkrir illilega utangátta og skiptu klaufalega um föt, því öllu þessu fylgja yfirlýsingar."

— Þú átt þér enga uppáhaldsmenn á myndlistarsviðinu?

„Nei, það er fullt af mönnum sem hafa haft áhrif á mig en ekki neinn einn."

— En hvaða standard finnst þér vera á íslenskri myndlist?

„Aaa," stynur Jón. „Það er mikið af millibilskúnst eða hönnun þar sem menn taka upp stæl annarra og gera að sínum — ný útsetning á verkum annarra. En það er þó nokkuð af mönnum hér sem mér finnast mjög góðir.

— Námsferill?

„Ég fór í Myndlista- og handíðaskólann eftir stúdentspróf, þótti leiðinlegt og missti áhugann. Eftir það tók við tveggja ára skeið á dagblöðum. Ég hef unnið nokkuð stöðugt við myndlist frá tvítugsaldri en mér hefur aldrei fundist ég hafa verið búinn að ná þeim þroska fyrr en núna að sýna verk mín almenningi."

— En skólinn úti. Þú gerðir það nokkuð gott, var það ekki?

Jón tekur því ekki fjarri. Hann var einn tíu nemenda í skólanum sem fékk heiðursútskrift, og auk þess fékk hann 1. verðlaun skólans, 1000 dollara, sem veitt eru árlega við útskrift. Engin furða að hann segir: „Ég er mjög sáttur við veru mína í skólanum."